

Reykjavík 21. janúar 2008

Menntamálanefnd Alþingis,
150 Reykjavík

Frumvarp til laga um grunnskóla.

Það er mjög ánægjulegt að breytinga er að vænta í skólakerfinu með nýju frumvarpi sem vonandi verður að lögum með smá breytingum.

Ég hef nokkrar áhyggjur af nokkrum atriðum og óska eftir að þau verði skoðuð nánar.

8. gr

Í annarri málsgrein er fjallað um skólaráð og hvernig það á að vera skipað. Þarna þarf að gæta jafnræðis á milli foreldra og annarra sem í ráðinu sitja. Nauðsynlegt þykir mér að hafa lágmark þrjá foreldra skólabarna á móti þrem öðrum auk skólastjóra, þannig að aldrei séu fleiri fulltrúar skólans en fulltrúa barna.

17. gr

Í 2. málsgrein 17. greinar segir: „Nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.“ Rannsóknir sýna að 5- 10% barna eru með ADHD eða athyglisbrestur og ofvirkni og samkvæmt nýlegum rannsóknum þá bendir allt til að skortur á boðefni í heila sé orsök ADHD. Hjá Tryggingastofnun ríkisins eru börn með ADHD skilgreind sem börn með þroskaröskun.

Ég bendi á nauðsyn þess að orðalag sé skýrt svo ljóst sé hvaða börn um ræðir. Lagt er til að talað verði um börn með hegðunar- og þroskaraskanir.

Í 5. málsgrein 17. greinar segir: „Ef ekki næst samkomulag milli foreldra og grunnskóla um fyrirkomulag skólavistunar nemenda samkvæmt þessari grein skal skólastjóri taka ákvörðun í málinu.“ Þetta finnst mér grafalvarlegt mál og bendi á hættu þess að börn með hegðunar- og þroskaraskanir geti þurft að þvælast á milli skóla ef skólastjórar vilja ekki „svona barn“ í sinn skóla. Þó að nefndur sé kæruréttur þá er það ekki nóg og getur tekið langan tíma. Það verður að vera hægt að skjóta málum til óháðs aðila sem tekur jafnt tillit til beggja sjónarmiða ef upp koma deilur um skóla fyrir barn með hegðunar- eða þroskaröskun.

Ég tel þetta óæskilega breytingu.

Í 2. málsgrein 3. greinar stendur „Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna.“ Lögð er mikil áhersla á að foreldrar sinni skyldum sínum, það er því mjög skrytið að þegar kemur að skólavist nemanda með sérþarfir að þá sé það skólastjóri sem ef til vill þekkir barnið lítið, sem ákveður hvar barnið verði í skóla eða í bekkjardeild. Af hverju er skólastjórum betur treystandi en foreldrum, þegar kemur að ákvörðunum um menntun barns með sérþarfir?

Mér finnst algjörlega óásættanlegt að frumvarpið verði samþykkt með þessu ákvæði. Sambærileg ákvæði er ekki að finna í frumvarpi til laga um leikskóla né til framhaldsskóla og ekki koma fram nein rök fyrir því að öðruvísi skuli staðið að málum í grunnskólum.

Ef skóli á að vera án aðgreiningar þá þurfa skólar að endurskoða vinnubrögð sín og viðhorf. Þeir þurfa að horfa á það sem sjálfsagt að allir nemendur hverfisins eigi að fá þar kennslu við hæfi. Það að lögfesta ákvörðunarvald skólastjóra um hverjir megi hefja skólagöngu í sínum hverfisskóla er í mótsögn við grunnforsendur skóla án aðgreiningar og mun torvelða framkvæmd skóla án aðgreiningar og þannig vinna gegn þessum mikilvæga tilgangi laganna.

18. gr

Í 2. málsgrein 18. gr. segir: „Foreldrum er skylt að veita grunnskóla upplýsingar um barn sitt sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð þess.“ „Meðferð upplýsinga skal vera á hendi skólastjóra eða annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins samkvæmt nánari ákvörðun þess.“ Þarna þarf að hafa mjög skýrt ákvæði um meðferð trúnaðarupplýsinga í skólasamfélaginu bæði í rituðu og töluðu máli. Það þarf að nefna að þeir sem gæta trúnaðarupplýsinga um barn er skylt að veita starfsmönnum skólans sem sinna nemanda með sérþarfir upplýsingar um greiningar og þá erfiðleika sem nemandinn glímir við í samráði við forsjáraðila. Þetta er eitthvað sem lítið hefur verið sinnt og kostar oft mikil vandræði og deilur á skólagöngu barna með hegðunarraskanir. Einnig er ástæða til að benda á að starfsmenn frístundaheimila hafi einnig upplýsingar um greiningar barna sem þar vistast í samráði við forsjáraðila.

20. gr

Ekkert er í framvarpi til laga um grunnskóla sem gerir ráð fyrir börnum með sérþarfir í sambandi við skólastofur. En það er í frumvarpi til leikskólalaga og er mælt til að því verði bætt inn í frumvarp til laga um grunnskóla: **„Gera skal ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuaðstöðu“ (12. grein).**

Börn með ADHD þrífast best í litlum hópum og gildir það í raun um öll börn. Það reynir allt of mikið á úthald barna með hegðunar- og þroskaraskanir, þar með börn með ADHD að vera í stórum og jafnvel opnum rýmum, en þar eru líka oft erfiðleikar fyrir „venjuleg“ börn. Bekkjareiningar í skólum hér eru oft allt of stórar. Hámark ætti að vera 15 börn í bekk til þess að börnin eigi jafnan aðgang að kennara sínum. Það er stórfurðulegt að 5 ára barn í leikskóla hefur góðan aðgang að sínum kennara sem aðeins þarf að sjá um örfá börn en um leið og barnið er komið í 6 ára bekk þá virðist búist við að gríðarleg þroskabreyting verði hjá barninu og barnið þurfi ekki lengur á því að halda að hafa góðan aðgang að kennara sínum. Það er engin möguleiki að kennari með 28 til 30 börn geti sinnt þeim öllum á 45 mínútum. Þetta er gríðarleg mismunum, verið að brjóta á rétti barna til menntunar og í raun í algjörri mótsögn við þarfir barna almennt.

27. gr

Hér er fjallað um námsmat og fær skólinn nokkuð frjálssar hendur varðandi útfærslu. Það er frábært að samræmd próf verði felld niður en í staðin er talað um könnunarpróf sambærileg við 4 og 7 bekkjar könnunarprófin. Hver er munurinn þarna á milli? Þessi próf koma til með að valda börnum með þroskaraskanir alveg jafn miklum vandræðum og hætta skapast á því að

erfitt geti orðið að komast inn í framhaldsskóla. Mikilvægt er að komi fram að börn með þroskaraskanir þurfa meiri tíma og aðstoð í prófum, einnig þurfa þau meira næði.

Fyrir börn með hegðunar- og þroskaraskanir eru kannanir á þekkingu í formi verkefna mikið betri leið og gefa einkunn eftir þekkingu og viðleitni. Eftir því sem ég kemst næst eru til grunnskólar sem nota svipað kerfi.

28. gr

Ekki er rætt um lengd kennslustunda, frímínútur og matarhlé í þessum hluta frumvarpsins. Hver skóli á að sjá um þessa hluti sjálfur. Þarna skapast mikil hætta fyrir börn með hegðunarraskanir, úthald þeirra er ekki nema upp 20 mínútur í einu, en þau geta lent í að þurfa að sitja upp í 120 mínútur í einu án þess að fá frímínútur og er það algerlega óásættanlegt fyrir barn. Það þarf að vera lögskipað að barn fái frímínútur og best væri að stytta kennslustundir eða allavega skifta þeim niður í þrjá hluta.

Börn eiga að hafa sama rétt og reyndar meiri en fullorðnir einstaklingar. Ef talið er að við fullorðin þurfum að standa upp í 10 mínútur á hverri klukkustund (skv kjarasamningum Borgarstarfsmann og fl), þá hlýtur barn í skóla að þurfa að standa upp allavega tvisvar á klukkustund.

33. gr

Í 33. grein frumvarpsins er til staðar heimild til sveitarfélaga að bjóða uppá tólmundastarf og lengda viðveru. Slík þjónusta er ein af forsendunum fyrir skóla án aðgreiningar. Hvernig eru úrræði grunnskólans fyrir félagslega einangraða nemendur í 4. – 7. bekk? Það er nauðsynlegt að skapa börnum félagslegt öryggisnet með hópvinnu frá upphafi til enda skólaárs og væri með því lagður góður grunnur að forvarnarstarfi fyrir hóp sem er mun móttækilegri fyrir stuðning á þessum aldri miðað við unglingsaldurinn. Það er vitað að félagsleg einangrun er oft mjög stórt vandamál hjá börnum með sérþarfir og hefur gríðarleg áhrif á líðan barnanna, námsárangur og fjölskyldu þeirra. Hópvinnu væri hægt að vera með í samráði við félagsþjónustu sveitarfélaga og starfsmenn tónlistarskóla, íþrótt- og tólmundaráða. Það eru nánast engin úrræði samfélaginu fyrir félagslega einangruð börn. Börnin þurfa markvissa þjálfun í samskiptum og félagsfærni. Félagslega einangrað barn getur orðið kvíðið, þunglynt, verið með sjálfsvígshugsanir auk þess getur hegðun orðið andfélagsleg og mikil hætta er á að barn leiðist út í notkun vímuefna.

40 gr

Það er ánægjulegt að nú eigi að ganga lengra varðandi sérfræðiþjónustu við börn með sérþarfir. Mjög gott er að nú eigi sérfræðingar að fylgja sínum greiningum eftir með því að leysa vandann líka.

Til umhugsunar:

Því miður er ADHD ekki skilgreint sem fötlun á Íslandi, [sbr. skilgreining á hugtakinu fatlaður í 2. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra] þar af leiðandi hefur þjónusta við

Gréta Jónsdóttir
Fjölskyldu- og Hjónaráðgjafi DIP

Þennan stóra hóp barna ekki verið nægilega góð hvort heldur er í skólakerfinu eða annarsstaðar.

Rannsóknir hjá KHÍ hafa leitt í ljós að börn með ADHD eru stærsti streituvaldurinn í starfi grunnskólakennara og má það örugglega að hluta til rekja til þess að ekki hefur fram til þessa verið nógu skýrt í grunnskólalögum hver staða þessara nemenda er skv. grunnskólalögum og hvaða rétt þau hafa til stuðnings og sérkennslu. Það er ótrúlega oft að foreldrar barna með ADHD fái þau svör að ekki sé til fjármagn fyrir sérkennslu eða öðrum stuðningi. Þurfa því foreldrar stundum að vera með nemandanum í skólanum svo vikum og mánuðum skifir. Barn með ADHD er oft ekki velkomið í skólaferðalög eins og í 7 bekk þegar farið er á Reykjaskóla vegna þess að það er ekki hægt að manna stuðning fyrir börnin vegna fjárskorts. Það er alveg ótrúlegt mögulegt sé að brjóta svona á rétti barna.

Virðingarfyllst

Gréta Jónsdóttir
Fjölskyldu- og Hjónaráðgjafi DIP